## SKÝRINGAR OG TÁKN.

1. LAGNIR UTAHÚSS

Í LAGNIR Í JÖRÐ UTANHÚSS, ÞAR MEÐ TALIN GRUNNLÖGN, SKAL NOTA STEINSTEYPTAR PÍPUR GLERJAÐAR LEIRPÍPUR EÐA BIKAÐAR STEYPUJÁRNS-PÍPUR.

STEINSTEYPTAR PÍPUR SKULU ÞÉTTAR MEÐ TJÖRUHAMPI OG SANDSTEYPU, GLERJAÐAR PÍPUR SKULU ÞÉTTAR MEÐ TJÖRUHAMPI OG ASFALTSTEYPU, STEYPUJÁRNSPÍPUR SKULU ÞÉTTAR MEÐ TJÖRUHAMPI OG BRENNISTEINI EÐA ÖÐRU JAFNGÓÐU.

ÖLL HÆÐARMÁL ERU MIÐUÐ VIÐ BOTN Á RÖRUM OG TENGISTYKKJUM.

BOTN HOLRÆSA UTANHÚSS SKAL LIGGJA MINNST 1.20 M UNDIR YFIRBORÐI JARÐAR.

FRÁRENNSLISLAGNIR SKAL EKKI LEGGJA MEÐ MINNI EN 20‰ HALLA OG SKAL LAGNIR LEGGJA MEÐ ÞEIM HALLA NEMA ANNAÐ SÉ ÁKVEÐIÐ Á TEIKN.

PÍPUR SKAL LEGGJA ÞANNIG AÐ ÞÆR LIGGI Á BELGNUM EN EKKI Á MÚFFUM OG SKAL LÖGNIN VERA BEIN.

UNDIRSTÖÐUR LAGNA SKAL VERA ÞÉTTUR JARÐVEGUR SEM ÞJAPPAST VEL AÐ ÞEIM.

UPPHENGING Á GRUNNLÖGN Í PLÖTU SJÁ NÁNAR SKÝRINGARMYND.

2. JARÐVATNSLÖGN

SÉ ANNAÐ EKKI TEKIÐ FRAMM SKAL JARÐVATNSLÖGN GERÐ ÚR 100 MM STEINSTEYPTUM PÍPUM MEÐ ÓÞÉTTUM SAMSKEYTUM EÐA 60 MM PLASTPÍPUM MEÐ GÖTUM Á BELGNUM. JARÐVATNSLÖGN SKAL HAFA 5‰ HALLA NEMA ANNAÐ SÉ ÁKVEÐIÐ Á TEIKNINGU. AÐ PÍPUM SKAL FYLLA MEÐ GRÓFRI MÖL KORNSTÆRÐ 3-5 MM OG SKAL VERA MINNST 15 SM LAG YFIR PÍPUNUM OG 10 SM LAG TIL HVORRAR HLIÐAR. SJÁ NÁNAR SÉRTEIKNINGU.

3. BRUNNAR.

MANNGENGIR BRUNNAR (MINNST 1M AÐ INNANMÁLI) SKULU GERÐIR ÚR STEYNPÍPUM OG KEILUM. KARMAR OG LOK SKULU GERÐ ÚR STEYPUJÁRNI OG SKULU VERA ÞREP NIÐUR Í BOTN BRUNNSINS. RENNUR SKULU VERA Í BOTN BRUNNSINS OG SKAL HALLI AÐ ÞEIM VERA A.M.K 125‰

ALLAR LAGNIR, AÐRAR EN JARÐVATNSLAGNIR, SKAL TENGJA NEÐST Í BRUNN.

4. LAGNIR INNANHÚSS.

Í LAGNIR INNANHÚSS, AÐ UNDANSKILINNI GRUNNLÖGN, SKAL NOTA STEYPUJÁRNS-PÍPUR OG ZINKHÚÐAR SMÍÐAJÁRNSPÍPUR

SMÍÐAJÁRNSPÍPURNAR SKAL SKRÚFA SAMAN, EN STEYPUJÁRNSPÍPURNAR SKAL ÞÉTTA MEÐ HAMPI OG BLÝI EÐA ÖÐRU JAFNGÓÐU.

INNANHÚSSLAGNIR SKULU LIGGJA MEÐ MINNST 50‰ HALLA NEMA AÐ ANNARS SÉ GETIÐ Á FRÁRENNSLISTEIKNINGU. LOFTRÁS SKAL VERA Á ÖLLUM FALLPÍPUM ER SALERI OG ELDHÚSVASKAR ERU TENGDIR VIÐ.

5. EFNI OG VINNA.

EFNI OG VINNA SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ GILDANDI REGLUGERÐIR.

6. TÁKN.

| | |
|---|---|
| Øa ST n‰ | a MM NÝ, STEINSTEYPULÖGN, MEÐ n‰ HALLA. |
| Ø a G n‰ | a MM. NÝ, GLERJUÐLÖGN, MEÐ n‰ HALLA. |
| Ø a J n‰ | a MM NÝ BIKUÐ STEYPUJÁRNSLÖGN, MEÐ n‰ HALLA. |
| Øa ST(EÐA PL) n‰ | a MM NÝ, STEINSTEYPU EÐA PLASTLÖGN, FYRIR JARÐVATN, MEÐ n‰ HALLA |
| Øa ST n‰ | a MM NÝ, STEINSTEYPT REGNVATNSLÖGN, MEÐ n‰ HALLA. |
| | ELDRI LAGNIR SEM FYRIR ERU |
| u.l. n‰ | LÖGN UNDIR LOFTI MEÐ n‰ HALLA |
| o.g. n‰ | LÖGN YFIR GÓLFI, MEÐ n‰ HALLA |
| aH aH | HREINSILOKI |

| | |
|---|---|
| a | a MM FALLPÍPA Í VEGGRAUF |
| LOFTR. | LOFTRÁS. |
| a.Y.Þ | a MM FALLPÍPA SEM LEIDD ER UPP Í GEGNUM ÞAK |
| ○ a ÞN | a MM ÞAKNIÐURFALL |
| ▭ axb ÞN | axb MM ÞAKNIÐURFALL |
| ● a | a MM FALLPÍPA |
| | HÆÐIR Á GÓLFUM |
| NG a,bc M | HÆÐ Á NEÐSTA GÓLFI. |
| X a,bc M | HÆÐIR Á YFIRBORÐI JARÐVEGS. |
| GN ○ a | GÓLFNIÐURFALL MEÐ a MM VATNSLÁS OG LAUS RIST |
| ○ aMM / HRB | HREINSIBRUNNUR, a MM. |




SANDFANG (SF)



| TÆKI: | | ÞVERMÁL VATNSLÁSS AÐ/FRÁ Í MM SÉ ANNAÐ EKKI TEKIÐ FRAM |
|---|---|---|
| SKAMMSTÖFUN | NAFN | |
| HV | HANDLAUG | 32/40 |
| BK | BAÐKER | 40/50 |
| ST | STEYPUBAÐ | 40/50 |
| GN | GÓLFNIÐURFALL | 100/100 |
| EV | ELDHÚSVASKUR | 40/50 |
| UPV | UPPÞVOTTAVÉL | 50/70 |
| SV | SKOLVASKUR | 40/50 |
| VS | VATNSSALERNI | 100/100 |
| SÞV | SJÁLVIRK ÞVOTTAV. | 25/32 |
| | | |
| | | |

HAFNARFJARÐARBÆR BYGGINGAFULLTRÚINN 19. sept. 1983

| VERKEFNI | MÁL | DAGS. SEPT 83 |
|---|---|---|
| KLETTAGATA 10 | TEIKN. | VERK NR. 548 |
| | REIKN. | TEIKN. NR. 4,01 |
| | | SÍMI |